

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. laganna um útsvar af tekjum barna skulu gilda við útsvarsálagningu á árinu 1990 vegna tekna þeirra á árinu 1989.

Gjört í Reykjavík, 13. ágúst 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

16. ágúst 1990

Nr. 91

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 13. ágúst 1990 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Liður a) í 109. gr. orðist svo:

a) Aðalgreinar til B.A. prófs: Bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórnmálafræði, uppleisfræði, félagsráðgjöf, þjóðfræði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. ágúst 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

10. september 1990

Nr. 92

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 10. september 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.